



Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 AKRANES

Garðabær, 9.7.2025
Málsnúmer: 202505-0059
LA

Efni: Tillaga að breytingum á deiliskipulagi fyrir Hótel Glym, Hvalfjarðarsveit.

Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 29. maí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að breytingum á deiliskipulagi við Hótel Glym.

Í tillögunni felast eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

- Nýr byggingarreitur, 250 m², fyrir starfsmannahús sem rúmar 12 starfsmenn.
- 17 nýjir byggingarreitir fyrir smáhýsi. Hvert smáhýsi er 25 m² að stærð eða samtals 425 m².
- Nýr byggingarreitur fyrir viðbyggingu austan við Hótel Glym, 1000 m². Þar verða 30 herbergi, alrými, fundarrými og önnur nauðsynleg rými, s.s. þvottaherbergi, geymslu- og tæknirými.
- Breytingar á byggingarreit fyrir anddyri. Stærð ekki uppgöfin.
- Nýjir göngustígar að smáhýsum.
- 34 ný bílastæði ofan við Hótel Glym. Stærð ekki uppgöfin.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögu að deiliskipulagsbreytingum og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Skipulagssvæðið er vel gróið og flokkað sem kjarrskógavist þar sem birki er ríkjandi tegund. Vistgerðin hefur hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Ljóst er að ef af framkvæmdum verður mun koma til rasks á þessari vistgerð.

Í ljósi þessa telur stofnunin einnig mikilvægt að kannað verði hvort skipulagssvæðið falli undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem sérstaklega er kveðið á um verndun „sérstæðra eða vistfræðilega mikilvægra birkiskóga og leifa þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.“ Slík könnun ætti að fara fram í samráði við Land og skóg áður en framkvæmdir hefjast.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur